

# HÚSÖNDIN

33. tbl. 3.árg.  
15. sept. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 16. - 22. SEPTEMBER

18.9. Gylfi Hrafnkell Yngvason

20.9. Héðinn Sverrisson, Leifur Hallgrímsson

22.9. Ásgerður Björnsdóttir



Skútustaðahreppur

### Kynning á skipulagstillögum

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps heldur opinn kynningarfund skv. 4. mgr., 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila á **tillögu að deiliskipulagi fyrir Höfða og umhverfi Ytrivoga**. Kynningarfundurinn verður haldinn í Skjólbrekku mánudaginn 21. september 2020 kl. 16:00 – 18:00.

Höfði í Mývatnssveit er einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum Norðurlands og er viðfrægur m.a. vegna undurfagurs landslags, gróðurfars og hins einstæða fuglalífs við Mývatn.

Í deiliskipulaginu er sérstök áhersla lögð á að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu og einstökum staðháttum svæðisins. Deiliskráning fornminja hefur verið gerð fyrir skipulagssvæðið og er sú skráning ein af meginforsendum deiliskipulagsins. Lögð er rík áhersla á að þær framkvæmdir sem gert verður ráð fyrir, muni ekki raska þeim fornminjum sem eru innan svæðisins.

Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu Skútustaðahrepps: [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is) undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur á forsíðu) sem og á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6. Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Guðjón Vésteinsson,  
skipulagsfulltrúi  
[gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)



# Skrifstofufulltrúi óskast

Skútustaðahreppur óskar eftir að ráða til sín einstakling til að gegna starfi skrifstofufulltrúa á skrifstofu sveitarfélagsins í Mývatnssveit. Um er að ræða 50% starfshlutfall.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn skrifstofu- og bókhaldsstörf
- Símasvörun og móttaka erinda
- Reikningagerð
- Fjallskilamál og ýmis skýrslugerð
- Önnur tilfallandi verkefni á skrifstofu

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi og/eða reynslu af skrifstofustörfum kostur
- Samvirkusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileika
- Góð almenn tölvuþekking
- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga.  
Umsóknafrestur til 18. september 2020

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á  
**[sveinn@skutustadahreppur.is](mailto:sveinn@skutustadahreppur.is)**

Sveitarstjóri veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í  
síma 680-6666

